

Miðvikudagur, 22. júní 2005

243. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 25/2005

## **Kvörtun Hópbíla hf. yfir notkun Ævintýris ehf. á orðinu hópbílar**

### **I.**

#### **Erindið**

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 16. mars 2004, kvartar Margrét Einarsdóttir hdl., f.h. Hópbíla hf., yfir meintri ólögmati notkun Ævintýris ehf. á orðinu hópbílar. Að mati kvartanda brýtur notkun Ævintýris í bága við ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Í erindinu segir að Hópbílar sé umsvifamikið fyrirtæki hér á landi í rekstri hópferðabifreiða og eigi alls 23 hópferðabifreiðar af öllum stærðum og gerðum. Fyrirtækið hafi verið stofnað 3. janúar 1992 en árið 1995 hafi nafni fyrirtækisins verið breytt í Hópbílar hf. sem sé nafn fyrirtækisins enn í dag. Orðið hópbílar sé ekki til í íslensku máli og því hafi forsvarsmönnum Hópbíla þótt tilvalið að gefa fyrirtækinu það nafn til aðgreiningar frá öðrum fyrirtækjum í sambærilegum rekstri.

Allt frá árinu 1995 hafi fyrirtækið notað heitið Hópbílar í kynningu á starfsemi sinni t.d. í auglýsingum í dagblöðum, bæklingum og íþróttahúsum og á dagatölum. Þá hafi fyrirtækið, á árinu 1998, fengið úthlutað léninu hopbilar.is sem hafi verið mikið notað í markaðsstarfsemi.

Hinn 6. mars 2004 hafi Hópbílum verið bent á að keppinautur fyrirtækisins Ævintýri ehf. notaði orðið hópbílar við kynningu á fyrirtækinu. Þannig hafi fyrirtækið verið skráð undir leitarorðinu hópbílar í símaskránni á Internetinu. Einnig merki Ævintýri bifreiðar sínar ÆVINTÝRI ehf. – HÓPBÍLAR og noti til þess sama letur og Hópbílar.

Þá segir að svo virðist sem tilgangur Ævintýris með því að auglýsa starfsemi sína undir heitinu Hópbílar sé að hagnast á orðspori og umsvifum þeim sem Hópbílar hafi hér á landi.

Að mati kvartanda hafi Hópbílar öðlast vörumerkjarétt yfir heitinu Hópbílar á grundvelli notkunar sbr. 3. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997. Eins og fram hafi komið

hafi Hópbílar notað heitið í atvinnustarfsemi allt frá árinu 1995 og hafi því öðlast vörumerkjarétt yfir orðmerkinu Hópbílar á grundvelli lagagreinarinnar.

Hópbílar telji að Ævintýri hafi ekki rétt á að nota orðið og að notkunin gefi villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð í skilningi 25. gr. samkeppnislaga. Jafnframt telji Hópbílar að notkun fyrirtækisins á heitinu geti leitt til þess að villst verði á því og nafni Hópbíla enda hafi það gerst í nokkrum tilvikum að viðskiptavinir Hópbíla hafi snúið sér til Ævintýris eftir að hafa slegið inn leitarorðið í símaskránni á Internetinu.

Hópbílar telji ljóst að Ævintýri hafi verið fullkunnugt um rétt fyrirtækisins til heitisins og vörumerkisins Hópbílar og að fyrirtækið hafi notað merkið í allri markaðssetningu. Hópbílar séu stórt fyrirtæki á sviði hópferða hér á landi og því hafi tilvist fyrirtækisins ekki getað farið fram hjá Ævintýri. Ævintýri sé lítið fyrirtæki sem reki aðeins tvær hópferðabifreiðar. Þyki Hópbílum ljóst að tilgangur Ævintýris með notkun orðsins sé að freista þess að einhverjir hinna fjölmörgu viðskiptavina Hópbíla muni fyrir misgáning kaupa þjónustu þess. Sé það í andstöðu við góða viðskiptahætti og því brot á ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga.

Loks vísa Hópbílar máli sínu til stuðnings í Hrd. 268/2002, United Parcel Service of America, Inc. gegn Úps! ehf., Hrd. nr. 244/2001, Valur Benjamín Bragason gegn Hf. Eimskipafélag Íslands. Ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 42/2003, *Kvörtun Apple Computer Inc. yfir notkun Aco Tæknivals hf. á léninu apple.is* og nr. 34/2003, *Kvörtun Hreyfils svf. yfir skráningu lénsins hreyfill.com*.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindi Hópbíla var sent til umsagnar Ævintýris með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 18. mars 2004. Svar fyrirtækisins er dags. 1. apríl 2004. Þar segir að fyrirtækið leggi ekki áherslu á orðið hópþílar og sé það eingöngu notað með nafni fyrirtækisins sem skýring á aðalstarfsemi þess þ.e. hópferðþjónustu. Þannig hafi orðið hópþílar ekki verið notað í auglýsingu Ævintýris sem birst hafi í Morgunblaðinu í tvo mánuði samfelldt enda sé það ekki áhersluorð í kynningu á fyrirtækinu. Þá segir að útlit bíla Ævintýris sé mjög ólíkt útliti Hópbíla og það sé ekki ásetningur Ævintýris að skapa rugling milli fyrirtækjanna. Hópferðþjónusta fyrirtækisins sé kynnt bæði sem Ævintýri ehf. hópþílar og Hópbílar Ævintýris ehf. Frá því í maí 2002 hafi texti á hliðum og aftan á tveim stórum hópþílum fyrirtækisins verið ÆVINTÝRI ehf. HÓPBÍLAR og í símaskrá 2002, 2003 og 2004 sé fyrirtækið kynnt sem Hópbílar Ævintýris ehf. Þyki Ævintýri því kvörtunin of seint fram komin og ekki sé líklegt að slík kynning hafi valdið ruglingi við Hópbíla enda sé það ekki tilgangurinn. Ekki sé

fyrirtækinu kunnugt um að farin hafi verið hópferð þar sem síðar hafi komið í ljós að þjónustuna hafi átt að kaupa hjá Hópbílum.

Ævintýri riti orðið hópbílar með stórum staf í upphafi málsgreinar og í áletrun utan á bílana enda séu þar allir stafir hástafir utan ehf. sem sé með lágstöfum. Ævintýri líti svo á að orðið hópbíll sé almenns eðlis samsett úr algengu nafnorðunum hópur og bíll. Rétt sé að orðið hópbíll finnist ekki í orðabókum, t.d. Orðabókinni sem gefin var út árið 2002, en þannig sé háttað með fleiri orð eins og hópafgreiðsla, bílaþvottastöð og bílaþjónusta. Sé það fráleitt að orðið hópbíll sé smíði Hópbíla og að fyrirtækið eigi einkarétt á notkun þess.

Nafnið Ævintýri segi ekki mikið um starfsemi fyrirtækisins og því hafi orðið hópbílar verið valið til að lýsa þeim þætti rekstrarins. Orðið var valið þar sem það var stysta orðið sem kom í hug. Ekki hafi verið ætlunin að brjóta á Hópbílum.

Þá er því mótmælt að Ævintýri noti sömu stafagerð og Hópbílar. Um gerólíka stafagerð sé að ræða auk þess sem stafir Ævintýris séu oftast gráir að lit en stafir Hópbíla svartir. Þá sé bílaeign Ævintýris þrjár bílar en ekki tveir eins og haldið sé fram í erindinu. Loks segir að orðið hópbílar sé fyrirtækinu dýrmætt þar sem það hafi verið notað með nafni fyrirtækisins frá vorinu 2001. Aldrei fyrr hafi verið gerð athugasemd við notkun fyrirtækisins á orðinu. Þá hefði það umtalsverðan kostnað í för með sér að þurfa að breyta áletrun á bílunum.

## 2.

Svar Ævintýris var sent til umsagnar Hópbíla með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 2. apríl 2004. Athugasemdir Hópbíla eru dagsettar 13. apríl 2004. Þar segir að skv. 2. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 geti vörumerki verið hvers konar sýnileg tákn sem séu til þess fallin að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra svo sem orð eða orðasambönd. Orðið hópbílar sé ekki til í íslensku máli og Hópbílar hafi hafið notkun á firma- og vörumerkinu Hópbílar á árinu 1995 og þá hafi ekkert fyrirtæki verið skráð með því nafni. Því telji Hópbílar að orðmerkið Hópbílar fullnægi kröfum vörumerkjalaga um sérkenni. Hópbílar séu því eigendur vörumerkisins og firmanafnsins.

Ævintýri noti firmanafnið og vörumerkið Hópbílar heimildarlaust í starfsemi sinni. Bæði merki fyrirtækið hópferðabifreiðar sínar með orðinu hópbílar og eins hafi Ævintýri skráð fyrirtækið undir leitarorðinu hópbílar bæði í símaskránni á Netinu og eins í prentaðri símaskrá. Sé því alfarið hafnað að Ævintýri hafi rétt til notkunar á orðmerkinu Hópbílar mörgum árum eftir að Hópbílar skráði fyrirtækið með því nafni og þar með hagnast á því góða orðspori sem Hópbílar hafi áunnið sér í gegnum tíðina. Sé það brot á 4. gr. vörumerkjalaga og 20. og 25. gr. samkeppnislaga.

Hópbílar telji að notkun Ævintýris á firmaheitinu og vörumerkinu Hópbílar gefi villandi upplýsingar um eignarrétt fyrirtækisins og ábyrgð í skilningi 25. gr. samkeppnislaga. Jafnframt sé notkunin til þess fallin að villst verði á því og nafni Hópbíla. Eigi það einkum við um notkun Ævintýris á heitinu í símaskránni. Hafi komið upp nokkur dæmi þess að viðskiptavinir Hópbíla hafi fyrir mistök átt viðskipti við Ævintýraferðir.

Þá sé því hafnað að kvörtunin sé of seint fram komin. Hópbílum hafi ekki verið kunnugt um að Ævintýri hefði skráð fyrirtæki sitt undir orðinu hópbílar í símaskránni fyrr en í byrjun mars 2004.

Hópbílar hafi unnið að því í mörg ár að ávinna sér traust og skapa sér góðan orðstír undir heitinu Hópbílar. Hafi heitið verið notað í öllum auglýsingum fyrirtækisins og annarri kynningarstarfsemi. Hópbílar hafi afar ríka hagsmuni af því að önnur hópferðafyrirtæki hér á landi geti ekki hagnast af því góða orðspori sem Hópbílar hafi með því að auglýsa þjónustu sína undir heiti sem flestir hér á landi tengja við Hópbíla. Leyfist öðrum hópferðafyrirtækjum að nota orðið í starfsemi sinni og auglýsingum sé stór hluti af öflugri markaðsstarfsemi Hópbíla unnin fyrir gíg og muni raunar gagnast keppinautum fyrirtækisins.

### 3.

Bréf Hópbíla var sent Ævintýri til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 15. apríl 2004. Athugasemdir Ævintýris eru dagsettar 26. apríl 2004. Þar segir að skv. 2. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga geti vörumerki ekki skapað vörumerkjarétt við notkun nema það uppfylli skilyrði laganna um skráningu. Skv. 1. mgr. 13. gr. sömu laga sé það skilyrði skráningar vörumerkis að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra.

Í fyrra bréfi fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar hafi verið færð rök fyrir því að orðið hópbíll væri orð almenns eðlis þrátt fyrir að það væri ekki að finna í orðabókum en svo sé um mörg samsett orð. Ekki hafi verið færð frekari rök fyrir þeim fullyrðingum af hálfu Hópbíla að orðið sé ekki til í málinu og að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi fundið það upp sem nýyrði. Telji Ævintýri þetta almenna orð því þess eðlis að yfir því geti ekki stofnast vörumerkjaréttur sem orðmerki enda uppfylli það ekki skilyrði laganna um sérkenni.

Verði hins vegar talið að vörumerkjaréttur Hópbíla sé fyrir hendi vill Ævintýri vísa til 2. tl. 1. mgr. 6. gr. vörumerkjalaga þar sem segir að eigandi vörumerkis geti ekki hindrað aðra í að nota í atvinnustarfsemi lýsingar á tegund vöru eða þjónustu. Orðið hópbíll sé einmitt slíkt lýsandi orð fyrir þjónustu fyrirtækisins.

Þá segir að þar sem orðið hópbíll sé almenns eðlis noti Ævintýri það sem slíkt. Þess vegna sé eðlilegt að nafn Ævintýris komi upp í leitarvél símaskrár. Ef orðið sé sett í leitarvél á Internetinu komi í ljós að margir fleiri noti orðið sem orð almenns eðlis. M.a. stór hópferðafyrirtæki svo sem Hópferðamiðstöðin og Teitur Jónasson.

Í símaskrá 2002 og 2003 séu Hópbílar Ævintýris skráð næst á eftir Hópbílum. Þess vegna þyki Ævintýri ótrúverðugt að Hópbílar hafi ekki séð þennan kynningarmáta fyrirtækisins fyrir en í byrjun mars 2004 eins og haldið sé fram. Ítrekuð er sú skoðun fyrirtækisins að kvörtun Hópbíla sé of seint fram komin.

Hvað varðar ruglingshættu milli fyrirtækjanna þá hafi Ævintýri staðhæft í fyrra bréfi að aldrei hafi verið farin hópferð með fyrirtækinu þar sem komið hafi í ljós að þjónustuna hafi átt að pantast hjá Hópbílum. Í bréfi Hópbíla sé hinu gagnstæða haldið fram án þess að tilgreina og staðfæra tilvikið sem Ævintýri þykir ótrúverðugt. Vísar Ævintýri því á bug að notkun fyrirtækisins á orðinu hópbíll brjóti í bága við ákvæði 25. gr. samkeppnislaga. Ekkert hafi komið fram sem renni undir það styrkum stöðum. Orðið sé alltaf notað með firmaheitinu í þeim tilgangi að undirstrika um hvaða þjónustu sé að ræða.

Þá er vakin athygli á því að margir leggi ekki á minnið með hvaða hópferðafyrirtæki það hafi ferðast og hringi því í þá sem þeir telji að þeir hafi ferðast með til þess að spyrjast fyrir um glataða muni o.s.frv. Þetta hafi Ævintýri orðið vart við en þá hafi hin ýmsu hópferðafyrirtæki átt hlut að máli. Hafi orðið hópbíll lítið með slíkan rugling að gera.

#### 4.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til málsaðila, dags. 10. maí 2004 var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu. Með bréfum til málsaðila, dags. 7. september 2004 og 5. janúar 2005, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

Með tölvubréfi lögmanns Hópbíla til Samkeppnisstofnunar, dags. 10. janúar 2005, var þess óskað að fá að leggja fram í málinu skráningu vörumerkisins Hópbílar, dags. 3. maí 2004. Var það heimilað með tölvubréfi Samkeppnisstofnunar, dags. sama dag.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Ævintýris, dags. 17. janúar 2005, var fyrirtækinu gefinn kostur á að tjá sig um skráningu vörumerkisins Hópbílar. Bréf Ævintýraferða er dags. 27. janúar 2005. Þar segir að fyrirtækið dragi í efa heimild til að leggja fram ný gögn í málinu þar sem það hafi þegar verið lagt fram til úrskurðar. Þá segir að skráningardagur vörumerkisins sé 3. maí 2004 og það auglýst 19. maí 2004. Þetta sé gert tveim mánuðum seinna en dagsetning bréfs Samkeppnisstofnunar til Ævintýraferða um kvörtun Hópbíla á hendur Ævintýra. Ævintýri haldi því fram að

hópbíll sé orð almenns eðlis og að fyrirtækinu sé heimilt að nota það. Það breytist ekki þó svo Hópbílar hafi fengið vörumerki sitt skráð.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til málsaðila, dags. 31. janúar 2005, fylgdi ný gagnaskrá. Þá var með bréfi stofnunarinnar til málsaðila, dags. 13. maí 2005, tilkynnt um enn yrði um fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins að ræða.

### III.

#### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 22. júní 2005, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

#### 1.

Í athugasemdum Ævintýris er því haldið fram að kvörtun Hópbíla sé of seint fram komin þar sem frá því í maí árið 2002 hafi texti á hliðum og aftan á bifreiðum fyrirtækisins verið ÆVINTÝRI ehf. HÓPBÍLAR og í símaskrá 2002, 2003 og 2004 sé fyrirtækið kynnt sem Hópbílar Ævintýris ehf. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að samkeppnislög kveða ekki á um tímamörk hvað kvartanir varðar. Að mati samkeppnisráðs er því kvörtun Hópbíla ekki of seint fram komin.

#### 2.

Í erindi Hópbíla er kvartað yfir notkun Ævintýris á orðinu hópbílar í firmanafni. Að mati kvartanda brýtur notkunin í bága við ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Hópbílar hafi starfað undir því nafni frá árinu 1995. Orðið sé ekki til í íslensku máli og því hafi þótt tilvalið að gefa fyrirtækinu það nafn til aðgreiningar frá keppinautum. Í byrjun árs 2004 hafi Hópbílum verið bent á að Ævintýri ehf. notuðu orðið hópbílar við kynningu á fyrirtækinu. Þannig sé fyrirtækið skráð undir leitarorðinu hópbílar í símaskrá og einnig merki fyrirtækið bíla sína ÆVINTÝRI ehf. – HÓPBÍLAR. Að mati kvartanda er tilgangur Ævintýris með því að auglýsa starfsemi sína undir vörumerkinu Hópbílar að hagnast á orðspori og umsvifum Hópbíla. Að mati kvartanda hafi Ævintýri ekki rétt á að nota orðið og gefi notkunin villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð í skilningi ákvæða 25. gr. samkeppnislaga. Þá þyki Hópbílum ljóst að tilgangur Ævintýris með notkun orðsins hópbílar sé að einhverjir viðskiptavinir Hópbíla gleppist til að kaupa þjónustu fyrirtækisins. Sé það brot á ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga.

Ævintýri heldur því fram að fyrirtækið leggi ekki áherslu á orðið hópbílar og sé orðið aðeins notað með nafni fyrirtækisins sem skýring á aðalstarfsemi þess þ.e. hópferðapjónustu. Útlit bíla Ævintýris sé mjög ólíkt útliti Hópbíla og það sé ekki

ásetningur Ævintýris að skapa rugling milli fyrirtækjanna. Hópfærðabjónusta Ævintýris sé kynnt bæði sem Ævintýri ehf. – Hópbílar og Hópbílar Ævintýris ehf. Þá sé texti á hliðum og aftan á hópfærðabifreiðum fyrirtækisins ÆVINTÝRI ehf. HÓPBÍLAR. Þá hafi fyrirtækið verið kynnt sem Hópbílar Ævintýris í símaskrá 2002, 2003 og 2004. Ævintýri lítur svo á að orðið hópbíll sé almenns eðlis samsett úr tveim algengum nafnorðum.

### 3.

Til stuðnings máli sínu vísa Hópbílar til 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Í 20. gr. segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjótí í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir séu tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. 25. gr. laganna hljóðar svo:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérköggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlæg veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni.

Af gögnum málsins má ráða að Hópbílar hafi verið starfræktir undir því nafni frá árinu 1995 sem hlutafélag. Hópbílar hafa því rétt til firmanafnsins. Ævintýri hefur ekki lögformlega skráð orðið hópbílar í tengslum við starfsemi fyrirtækisins. Að mati samkeppnisráðs er réttur Hópbíla til notkunar firmanafnsins verndaður af fyrri málslið 25. gr. samkeppnislaga og ber þá að líta til þess hvort notkun Ævintýris á orðinu hópbílar gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Í orðabók Háskólans er ekki að finna dæmi um notkun orðsins hópbílar og ekki er orðið að finna í Orðabókinni sem gefin var út árið 2002. Ljóst er að orðið er samsett úr tveim almennum íslenskum orðum, hópur og bíll. Að mati samkeppnisráðs hefur ekki verið sýnt fram á að orðin samsett sem orðið hópbílar sé almennt orð í íslensku. Í orðabókum er aftur á móti að finna orðin hópfærðabifreið og hópfærðabíll.

Fyrirtækin starfa bæði við rekstur hópferðabifreiða og eru keppinautar á því sviði. Af gögnum málsins má ráða að tilgangur Ævintýraferða með því að skeyta orðinu hóp bílar eftir atvikum fyrir framan eða aftan firmaheiti sitt sé að vekja athygli á því að fyrirtækið bjóði upp á akstur hópferðabifreiða, þ.e. bjóði upp á sömu þjónustu og Hóp bílar. Samkeppnisráð fær ekki betur séð en að með notkuninni hafi Ævintýraferðir ætlað að nýta sér viðskiptavild Hóp bíla og hafa þannig áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins. Þá er sú hætta fyrir hendi að villst sé á fyrirtækjunum eða að ætlað sé að um samstarf eða sömu eigendur að ræða þar sem orðið hóp bílar komi fyrir í heitum þeirra beggja bæði í símaskrá og á bifreiðum fyrirtækjanna. Að mati samkeppnisráðs brýtur framangreind háttsemi í bága við góða viðskiptahætti sbr. 20. gr. samkeppnislaga og gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda sbr. 1. ml. 25. gr. samkeppnislaga.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ævintýri ehf., Krókabyggð 12, Mosfellsbæ, hefur með notkun á orðinu hóp bílar í tengslum við firmanafn sitt brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.**

**Með vísan til 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Ævintýri ehf. að nota orðið hóp bílar í tengslum við firmanafn sitt.**

**Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar.“**